



GRUNNSKÓLINN Í HVERAGERÐI

# Sjálfsmatsáætlun 2022-2025



VÍSKA VIRÐING VINÁTTA

**GRUNNSKÓLINN  
Í HVERAGERÐI**

## Inngangur

Í eftirfarandi sjálfsmatsáætlun verður leitast við að gera grein fyrir því með hvaða hætti sjálfsmati er sinnt í Grunnskólanum í Hveragerði skólaárin 2022-2025. Tilgangur matsins er að hjálpa til við að gera skólastarfið skilvirkara þannig að þörfum allra sé mætt með viðunandi hætti og stuðla að umbótum í starfinu þar sem hagsmunir nemenda eru hafðir að leiðarljósi (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008).

Samkvæmt 35. grein í lögum númer 91 frá 2008 er mati á skólastarfi ætlað að veita eftirlit með gæðum starfsins þar sem markmiðin eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

(lög um grunnskóla nr. 91/2008)

Í eftirfarandi áætlun er ætlunin að uppfylla þau markmið sem sett eru í lögum skólastarfinu til hagsbóta. Til að byrja með verður gert grein fyrir sögu skólans, því næst verður farið yfir þann fræðilega bakgrunn sem liggur að baki sjálfsmati í grunnskólum og að lokum verður farið yfir áherslur í sjálfsmati skólans skólaárin 2022-2025.

## Grunnskólinn í Hveragerði

Áður en Hveragerði varð sjálfstætt sveitarfélag árið 1946 var skóli starfræktur að Kröggólfsstöðum í Ölfusi. Hann tók til starfa haustið 1881 og var börnum í Ölfusi sem ekki gátu gengið daglega til skólans komið fyrir á næstu bæjum. Skólinn að Kröggólfsstöðum lagðist af vorið 1892 og var barnakennslu haldið áfram á árunum 1892-1897 með farkennslu. Með setningu fræðslulaganna árið 1907 hófst skólastarf á vegum ríkisins. Þá var skólahús reist á Kotströnd og annað á Hjalla. Skólinn á Kotströnd fluttist fljótlega að Sandhóli. Árið 1930 byggði Ölfushreppur þinghús í Hveragerði og var rekinn farskóli í húsinu til ársins 1937. Sama ár var húsið Egilsstaðir keypt og settur þar fastur skóli fyrir hreppinn með heimavist fyrir þá sem ekki gátu gengið í skólann. Árið 1943 var keyptur skólabíll og síðan þá hefur skólinn verið heimangönguskóli. Haustið 1947 var elsti hluti núverandi aðalbyggingar tekinn í notkun. Haustið 1972 var skólanum skipt í tvær aðskildar stofnanir, Barnaskólann og Gagnfræðaskólann í Hveragerði og urðu skólastjórar þá tveir. Gagnfræðaskóli var frá haustinu 1965 á efri hæð sundlaugarinnar í Laugaskarði, fyrsti bekkur var í barnaskólahúsinu. Í janúar 1973 fluttust allir bekkir gagnfræðaskólans í leiguhúsnæði að Breiðumörk 2. Árið 1988 var viðbygging við gamla barnaskólann tekin í notkun. Skólinn var sameinaður á ný í eina stofnun. Árið 2021 var svo tekin í notkun ný viðbygging við skólann sem innihélt sex kennslustofur. Skólastjóri varð einn og honum til aðstoðar yfirkennari, síðar aðstoðarskólastjóri. Guðjón Sigurðsson var skólastjóri árin 1988-2013, Fanney Ásgeirsdóttir árin 2013-2016. Skólastjóri frá 2016 er Sævar Þór Helgason.

Með grunnskólalögunum frá 1995 urðu 6 ára börn skólaskyld. Skólinn var tvísetinn að hluta, til ársins 2002 en þá voru sex nýjar kennslustofur teknar í notkun. Tveimur árum síðar var húsnæðið við Breiðumörk 26 sem áður hýsti mjólkurbú Ölfusinga að hluta tekið í notkun sem kennslustofur, alla jafna fyrir yngstu nemendur skólans. Í október 2007 var tekið í notkun gamla kaupfélagshúsið við Breiðumörk 24 fyrir myndmennt, textíl og smíði. Loks var ný viðbygging skólans tilbúin í ágúst 2021 sem hefur að geyma sex kennslustofur sem snúa í norður umhverfis lystigarðinn Fossflöt.

Mötuneyti hefur verið starfrækt við skólann frá upphafi. Fyrst fyrir starfsmenn og nemendur úr Ölfusi. Frá árinu 1989 hefur öllum nemendum staðið til boða að nýta sér mötuneyti skólans.

Aðstaða mótuneytis tók farsælum breytingum haustið 2015 þegar tekið var í notkun endurnýjað eldhús. Við upphaf skólaársins 2018-2019 breyttust heiti bekkja sem frá upphafi hétu H-bekkir og Ö-bekkir, kenndir við Hveragerði og Ölfus. Nú eru bekkir með upphafsstafi kennara. Í árslok 2019 fékk skólinn nýtt merki sem ber einkunnarorð hans sem sjá má í fyrri kafla. Þá tók skólinn í notkun nýtt símkerfi á haustdögum 2020 og fékk skólinn þá nýtt aðalnúmer (483-0800) sem leysir hið gamla (483-4350) af hólmi.

Skólasel (heilsdagsskóli) hefur verið starfrækt samfleytt frá árinu 2000 og á haustmánuðum 2017 fór starfsemi Skólases og félagsmiðstöðvarinnar Skjálftaskjólís í húsnæði sem áður hýsti leikskólann Undraland, vestan við Brekku, og er yfirheiti starfseminnar Bungubrekka. Grunnskólinn í Hveragerði er vel staðsettur með náttúruperlur allt um kring. Varmá er í túnfætinum en þar er að finna heitar uppsprettur. Sundlaugin í Laugaskarði steinsnar frá, að ógleymdu náttúruundri sem á fáa sína líka í heiminum, en það er hverasvæðið við Hveramörk. Mjög fallegar gönguleiðir eru í nánasta umhverfi skólans og óþrjótandi möguleikar til útivistar- og útikennslu, m.a. í fallegri útistofu skólans Lundi undir Hamrinum (Grunnskólinn í Hveragerði, e.d.).

## Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi og þar af leiðandi innra mat Grunnskólans í Hveragerðis tengist með beinum hætti umræðu um gæði í skólastarfi og er ein leið til umbóta í starfinu.

Í Grunnskólanum í Hveragerði er ætlunin að matið sé samofið skólastarfinu hverju sinni þar sem ákveðnir þættir eru skoðaðir sérstaklega eftir því sem við á ásamt því að ákveðnir þættir séu ávallt til ígrundunar eins og til dæmis líðan nemenda og skipulag náms.

Markmið sjálfsmats í Grunnskólanum í Hveragerði eru líkt og fram kemur í reglugerð 658 frá 2009 um mat og eftirlit í grunnskólum að:

1. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
2. tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum,
3. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
4. auka gæði skólastarfs og stuðla að umbótum.

(reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr.

658/2009)

Þannig er ætlunin að innra matið byggi á fjölbreyttum gögnum sem taka mið af viðfangsefni skólans hverju sinni þar sem raddir starfsmanna, foreldra og nemenda eru í forgrunni. Innra mat skólans er samofið annarri starfsemi og skapar vettvang til markvissrar skoðunar á árangri þar sem markmiðið er meðal annars að skapa umbótasinnað skólastarf með tilliti til allra þátta starfseminnar.

Líkt og fram kemur í Skólastefnu Hveragerðisbæjar - Það sem barninu er fyrir bestu er ætlunin að grunnskólinn sé framsækinn með stöðuga áherslu á gæði náms og kennslu þar sem raddir nemenda skipta ekki síst máli. Í skólastefnunni kemur meðal annars fram:

- Að innra mat sé kerfisbundið og samofið skólastarfi
- Að umbætur og þróunarstarf byggi á ríkulegum og fjölbreyttum gögnum úr innra mati

Undir formerkjum skólastefnu bæjarins er lögð rík áhersla á í Grunnskólanum í Hveragerði að sjálfsmat skólans sé í raun ferli sem líkur aldrei líkt og myndin hér að aftan ber með sér og er í raun viðvarandi verkefni þó að ákveðið uppgjör með niðurstöðum og tillögum til úrbóta verði til árlega.



(Sigríður Sigurðardóttir, 2016)

Sjálfsmat Grunnskólans í Hveragerði er sniðið sérstaklega að starfsemi hans en þrátt fyrir það er matið byggt á faglegum grunni og tekur meðal annars mið af Leiðbeiningum um innra mat grunnskóla frá 2016 sem var unnið fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Þar eru meðal annars sett fram viðmið sem höfð eru til hliðsjónar.

#### **Viðmið um innra mat:**

- Kerfisbundið
- Markmiðsbundið
- Samstarfsmiðað
- Samofið öllu skólastarfi
- Byggt á traustum gögnum
- Greinandi og umbótasinnað
- Opinbert

(Sigríður Sigurðardóttir, 2016)

## Þróun innra mats í Grunnskólanum í Hveragerði

Þróun innra mats tekur tíma og það mætti segja að matið sé í raun í sífelldri þróun. Við upphaf viðkomandi sjálfsmatsáætlunar er skólinn kominn nokkuð vel af stað í skipulagi á sjálfsmati skólans en við lok áætlunarinnar er markmiðið að ferlið sé orðið mun skýrara. Í töflunni hér að neðan má sjá viðmið um mat í skólastarfi og mætti segja að skólinn sé við upphaf áætlunarinnar í miðjunni en stefni á að vera kominn lengst til hægri.

Fyrstu skref í innra mati	Innra mat í þróun	Vel þróað innra mat
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Litið er á innra mat sem aukaverkefni sem kemur ofan frá.</li> <li>• Ábyrgð á höndum eins eða fárra aðila, venjulega stjórnanda.</li> <li>• Matið er tilviljanakennt.</li> <li>• Matið byggir á gögnum úr ytri könnunum án aðlögunar.</li> <li>• Gagnaöflun er einhæf.</li> <li>• Gögn eru ekki greind nægjanlega.</li> <li>• Niðurstöður að litlu leyti nýttar til umbóta.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skilningur á mikilvægi innra mats.</li> <li>• Innra matið er skipulagt með áætlunum að hluta.</li> <li>• Innra matið tengist markmiðum skólans en markmið ekki markvisst metin.</li> <li>• Matsteymi skipað fulltrúum stjórnanda og kennara.</li> <li>• Gagnaöflun nokkuð fjölbreytt en ytri kannanir hafa ekki verið aðlagðar.</li> <li>• Gagna aflað frá öllum hagsmunahópum.</li> <li>• Megináhersla á framkvæmd matsins.</li> <li>• Greining styrkleika og tækifæra til umbóta að hluta.</li> <li>• Áhersla á mat á námi og kennslu ekki mikil.</li> <li>• Niðurstöður notaðar til umbóta að hluta.</li> <li>• Niðurstöður og áætlanir birtar að hluta.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skýr sameiginleg sýn á innra mat og tilgangi þess.</li> <li>• Matið er vel skipulagt og fylgir skráðu ferli og áætlunum.</li> <li>• Metið er út frá markmiðum skólans og matið nær til allra helstu þátta starfsins.</li> <li>• Metið út frá viðmiðum um gæði og árangur.</li> <li>• Matsteymi/matshópar, allir hagsmunahópar koma að matinu.</li> <li>• Áhersla er á mat á námi og kennslu með ígrundun og samræðum.</li> <li>• Fjölbreytt gagnaöflun.</li> <li>• Gagna er aflað frá öllum hagsmunahópum.</li> <li>• Niðurstöður eru markvisst greindar í styrkleika og þætti sem þarfnast umbóta með samræðu.</li> <li>• Niðurstöður notaðar til umbóta og við stefnumótun.</li> <li>• Umbótum fylgt eftir með endurmati.</li> <li>• Niðurstöður og áætlanir opinberar.</li> <li>• Matsaðferðir í sífelldri þróun.</li> </ul>

## Matstækið Skólapúlsinn

Í sjálfsmati Grunnskólans í Hveragerði er notast við ýmis konar matstæki en það má segja að matstækið Skólapúlsinn sé stærsti þátturinn í sjálfsmati skólans. Skólapúlsinn er veflægt sjálfsmatskerfi fyrir meðal annars grunnskóla þar sem nemendur, foreldrar og starfsfólk svara spurningalista á netinu og niðurstöður birtast á myndrænu formi. Markmið Skólapúlsins er að útvega aðilum skóla langtímamiðuð, samanburðarhæf og aðgengileg gögn um mikilvæga þætti í skólastarfinu. Þar sem Skólapúlsinn er lagður fyrir víðsvegar á landinu verða til gögn sem gefa góða möguleika á samanburði með tilliti til landsmeðaltala á ýmsum þáttum skólastarfsins. Yfir tíma verður til mikið magn af dýrmætum gögnum sem draga fram sérkenni skólans og geta upplýst á hvaða sviðum skólinn þarf að bæta skólastarfið (Skólapúlsinn, e.d.)

## Nemendakönnun Skólapúlsins í 6.-10. bekk

Nemendakönnun er lögð fyrir nokkur 40 nemenda úrtök í október, nóvember, desember, febrúar, mars og apríl.

Eftirfarandi þættir eru mældir í nemendakönnun Skólapúlsins:

### **Virkni**

1. Ánægja af lestri
2. Áhugi og ánægja af stærðfræði
3. Áhugi og ánægja af náttúrufræði
4. Trú á eigin námsgetu
5. Trú á eigin vinnubrögð í námi
6. Þrautseigja í námi

### **Líðan**

1. Sjálfsálit
2. Stjórn á eigin lífi
3. Vellíðan
4. Tíðni eineltis
5. Tegund eineltis



6. Staðir eineltis
7. Hreyfing
8. Mataræði

### Skóla- og bekkjarandi

1. Samsömun við nemendahópinn
2. Samband nemenda við kennara
3. Agi í tímum
4. Virk þátttaka í tímum
5. Tíðni leiðsagnarmats
6. Tvær opnar spurningar um skólann

(Skólapúlsinn, e.d.)

## Foreldrakönnun

Foreldrakönnunin í Grunnskólanum í Hveragerði er framkvæmd í febrúar annað hvert ár og mælir 41 þátt í sex flokkum með samtals 70 spurningum. Könnunin er gerð fyrir foreldra barna á öllum aldurstigum grunnskólans.

Flokkarnir sem liggja til grundvallar í foreldrakönnun:

- Nám og kennsla
- Velferð nemenda
- Aðstaða og þjónusta
- Foreldrasamstarf
- Heimastuðningur
- Opin svör

(Skólapúlsinn, e.d.)

## Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun fer fram í mars annað hvert ár á netinu þar sem starfsmenn svara spurningum varðandi skólann. Almenni hluti könnunarinnar sem er hugsaður fyrir alla starfsmenn metur 21 þátt og svo því til viðbótar er sérstakur kennara hluti sem metur 25 þætti til viðbótar.

### Allir starfsmenn

#### 1. Starfið (12 spurningar)

1.1 Vinnuálag (3)

1.2 Skýrleiki hlutverks (3)

1.3 Ágreiningur um hlutverk (3)

1.4 Jákvæðar áskoranir í starfi (3)

#### 2. Starfsmenn (7 spurningar)

2.1 Leikni í starfi (3)

2.2 Skuldbinding til vinnustaðarins (3)

2.3 Skörun vinnu og einkalífs (1)

#### 3. Vinnustaðurinn (13 spurningar)

3.1 Starfsandi (3)

3.2 Ánægja með vinnuaðstöðu (1)

3.3 Stuðningur frá samstarfsfólki (2)

3.4 Stuðningur við nýsköpun (3)

3.5 Mismunun (2)

3.6 Einelti (þú) (1)

3.7 Einelti (annar en þú) (1)

3.8 Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)

#### 4. Stjórnun (12 spurningar)

4.1 Stuðningur frá næsta yfirmanni (3)

4.2 Sanngjörn forysta (3)

4.3 Valdeflandi forysta (3)

4.4 Ræktun mannauðs (3)

### Kennarar (71 spurning)

#### 5. Kennarastarfið (30 spurningar)

5.1 Ánægja með kennarastarfið (4)

- 5.2 Trú kennara skólans á eigin getu (4)
- 5.3 Upplýsingamiðlun til foreldra (4)
- 5.4 Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku (1)
- 5.5 Undirbúningur kennslu í skólanum (1)
- 5.6 Öllum bekknum kennt í einu (1)
- 5.7 Hópavinna í bekk (2)
- 5.8 Einstaklingsvinna í bekk (2)
- 5.9 Einstaklingsmiðuð kennsla (1)
- 5.10 Áhersla kennara á námsmat með prófum (3)
- 5.11 Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (6)
- 5.12 Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað) (1)
- 6. Starfsumhverfi kennara (19 spurningar)*
- 6.1 Starfsmannaviðtöl undanfarið ár (1)
- 6.2 Gagnsemi starfsmannaviðtals (1)
- 6.3 Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika (3)
- 6.4 Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem. (3)
- 6.5 Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara (4)
- 6.6 Samráð um kennslu (4)
- 6.7 Samvinna um kennslu (3)
- 7. Símenntun kennara (22 spurningar)*
- 7.1 Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár (1)
- 7.2 Símenntunarþörf kennara (11)
- 7.3 Símenntunarþörf kennara (annað) (1)
- 7.4 Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 18 mán. (1)
- 7.5 Hindranir í símenntun kennara (7)
- 7.6 Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán. (1)

(Skólapúlsinn, e.d.)

## Áherslur tengt skólapúlsi

Á hverju skólaári leggjum við sérstaka áherslu á ákveðna þætti innan Skólapúlsins og setjum stefnu á bættu niðurstöðu í þeim við næstu fyrirlögn. Með breyttum áherslum í skólastarfinu er markmiðið að bæta viðkomandi þætti.

### 2022-2023

#### Nemendakönnun

**Samband nemenda við kennara** - Við síðustu fyrirlögn (2021-22) mældist skólinn með mælitöluna 4,4 eða 0,2 undir landsmeðaltali.

Við fyrirlögn á skólaárinu 2022-23 hækkaði mælitala skólans upp í 4,6 og var 0,1 frá landsmeðaltali.

#### Starfsmannakönnun

**Ánægja með vinnuaðstöðu** - Við síðustu fyrirlögn (2020-21) mældist skólinn með mælitöluna 4,3 og var 0,7 undir landsmeðaltali sem mælist tölfræðilega marktækt undir.

Við fyrirlögn á skólaárinu 2022-23 hækkaði mælitala skólans upp í 4,6 og var 0,1 yfir landsmeðaltali.

### 2023-2024

#### Foreldrakönnun

**Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá** - Við síðustu fyrirsögn (2021-22) mældist skólinn 6,3% undir landsmeðaltali sem mælist tölfræðilega marktækt undir.

#### Nemendakönnun

**Þrautseigja í námi** – Við síðustu fyrirlögn (2022-23) mældist skólinn með mælitöluna 4,0 og var 0,4 undir landsmeðaltali sem mælist tölfræðilega marktækt undir.

## Flokkar í innra mati

Nám og kennsla
A. Inntak, árangur og framfarir
B. Skipulag náms og námsumhverfi
C. Kennsluhættir og gæði kennslu
D. Námsættir og námsvitund
E. Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda
F. Skóli án aðgreiningar
Mannauður
A. Fagmennska starfsfólks
B. Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað
Stjórnun
A. Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
B. Stjórnun grunnskólans
C. Faglegt samstarf
D. Skólaþróun
E. Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur
Skólabragur
A. Viðmót og menning
B. Velferð nemenda
C. Samstarf heimili og skóla
Innra mat
Framkvæmd innra mats
Umbótastarf í kjölfar innra mats

## Sjálfsmatsáætlun 2022-2025

Sjálfsmatsáætlun Grunnskólans í Hveragerði er til þriggja ára frá 2022-2025 með endurskoðun að vori á hverju ári fyrir sig. Þessi tafla sýnir hvaða þættir eru metnir, hvenær á matstímanum, hverjir taka þátt í matinu í hvert skipti og hverjir bera ábyrgð á framkvæmd.

Mánuður	Matsflokkar					Verkefni	Ábyrgð
	1	2	3	4	5		
Ágúst					A	Kynning á matsáætlun	Matsteymi
	ABCD	E	E			Kynning á skólanámskrá, starfsáætlun og minnisblaði stjórnenda	Skólastjórnendur
	ABCDF	A	E			Útgáfa kennsluáætlana í hverri námsgrein í hverjum árgangi og mat á þeim	Kennarar deildarstjórar
September	AC		CDE			Lesfimiþróf MMS	Umsjónarkennarar
	ABCDEF			BC		Foreldradagur - sjálfsmat kennara	Umsjónarkennarar
	C			ABC		Mat á skólafærninámskeiði fyrir foreldra 1. bekkja	Deildarstjóri yngsta stigs
	E			B		Einstaklingsviðtöl	Umsjónarkennarar
	E		DE	B		Nemendaping	Skólastjórnendur
Október	E			B		Einstaklingsviðtöl	Umsjónarkennarar
	E		DE	B		Nemendaping	Skólastjórnendur
	ABCDEF		D	AB		Skólapúls nemenda könun	Deildarstjóri miðstigs
Nóvember	E			AB		Olweusarkönnun á einelti	Verkefnastjóri Olweusaráætlunarinnar
	E			B		Einstaklingsviðtöl	Umsjónarkennarar
	E		DE	B		Nemendaping	Skólastjórnendur
	ABCDEF		D	AB		Skólapúls nemenda könun	Deildarstjóri miðstigs
				BC		Heimhringingar	Umsjónarkennarar
Desember	ABCDEF		D	AB		Skólapúls nemenda könun	Deildarstjóri miðstigs
			CD	BC	A	Mat á heimgringingum	Deildarstjórar
Janúar	E			B		Einstaklingsviðtöl	Umsjónarkennarar
	AC		CDE			Lesfimiþróf MMS	Umsjónarkennarar
	ABCD					Námsmat	Kennarar
	ABCDEF			BC		Foreldradagur - sjálfsmat kennara	Umsjónarkennarar

Mánuður	Matsflokkar					Verkefni	Ábyrgð
	1	2	3	4	5		
Febrúar	E			B		Einstaklingsviðtöl	Umsjónarkennarar
		AB	BCD	A		Starfsmannasamtöl	Skólastjórnendur
	E		DE	B		Nemendapíng	Skólastjórnendur
	ABCDEF		D	AB		Skólapúls nemenda könnun	Deildarstjóri miðstigs
			D	ABC		Skólapúls - Foreldrakönnun (annað hvert ár)	Skólastjóri
Mars	E			B		Einstaklingsviðtöl	Umsjónarkennarar
		AB	BCD	A		Starfsmannasamtöl	Skólastjórnendur
	E		DE	B		Nemendapíng	Skólastjórnendur
	ABCDEF		D	AB		Skólapúls nemenda könnun	Deildarstjóri miðstigs
		AB	ABCD			Skólapúls - Starfsmannakönnun	Skólastjórnendur
Apríl	E			B		Einstaklingsviðtöl	Umsjónarkennarar
		AB	BCD	A		Starfsmannasamtöl	Skólastjórnendur
			CDE			Viðorfskönnun starfsmanna	Deildarstjórar
	E		DE	B		Nemendapíng	Skólastjórnendur
	ABCDEF		D	AB		Skólapúls nemenda könnun	Deildarstjóri miðstigs
Maí	E			B		Einstaklingsviðtöl	Umsjónarkennarar
	AC		CDE			Lesfímipróf MMS	Umsjónarkennarar
	BCDEF					Kennslukönnun á elsta stigi	
	E		DE	B		Nemendapíng	Skólastjórnendur
Júní					AB	Samantekt matsteymis um mat - umbótaáætlun	
	ABCD					Námsmat	Kennarar

## Lokaorð

Í Grunnskólanum í Hveragerði er unnið metnaðarfullt starf en allir aðilar, hvort sem um ræðir nemendur, starfsfólk eða foreldra, þurfa að gera sér grein fyrir því að ávallt sé svigrúm til bætinga. Innra mat skólans er mikilvægur liður í því að meta hvar skólinn standi vel og hvar megi bæta í svo hægt sé að byggja starfsáætlun og skólanámskrá á gögnum.

Áætlun þessi er hugsuð til þess að ramma inn það sem skólinn er að gera og ætlar sér að gera á næstu árum varðandi sjálfsmat og vera ákveðin verkáætlun fyrir starfsmenn varðandi mat á starfinu. Höfundar lögðu áherslu á að áætlunin væri ekki of umfangsmikil heldur einföld og vel framkvæmanleg. Eins og fram hefur komið er Skólapúlsinn þungamiðjan í innra mati skólans en auk þess er ætlunin að notast við góð og gild verkfæri til þess að skerpa á ákveðnum þáttum eins og aðkomu nemenda í gegn um nemendaping, eineltiskönnun og margt fleirra. Skólastarf nútímans er breytingum háð og oftast en ekki geta aðstæður og breytingar í samfélaginu haft áhrif á skólastarf, jafnvel með skömmum fyrirvara, og þess vegna er þessi áætlun til sífelldrar endurskoðunar og er sjálfsmatsteymi skólans í sjálfsvald sett að uppfæra hana og endurskoða ef ástæða þykir til.



## Heimildaskrá

Grunnskólinn í Hveragerði. (e.d.). *Saga skólans*.

<https://grunnskoli.hveragerdi.is/is/skolinn/saga-skolans>

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingsdkyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 658/2009

Sigurlína Davíðsdóttir. (2008). *Mat á skólastarfi*. Bókaútgáfan Hólar.

Sigríður Sigurðardóttir. (2016). *Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Skólapúlsinn. (e.d.). *Foreldrakönnun*. [https://skolapulsinn.is/um/?page\\_id=1126](https://skolapulsinn.is/um/?page_id=1126)

Skólapúlsinn. (e.d.). *Nemendakönnun 6.-10.b.*. [https://skolapulsinn.is/um/?page\\_id=239](https://skolapulsinn.is/um/?page_id=239)

Skólapúlsinn. (e.d.). *Um vefkerfið*. Skólapúlsinn. [https://skolapulsinn.is/um/?page\\_id=98](https://skolapulsinn.is/um/?page_id=98)

Skólapúlsinn. (e.d.). *Starfsmannapúlsinn fyrir grunnskóla*.

[https://skolapulsinn.is/um/?page\\_id=1163](https://skolapulsinn.is/um/?page_id=1163)